



# VBS fjárfestingarbanki hf.

Verðbréfalýsing vixla VBS 08 0411

21. desember 2007

## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>Ábyrgir aðilar</b> .....	<b>3</b>
1.1.	Ábyrgðaraðili .....	3
1.2.	Yfirlýsing útgefanda .....	3
1.3.	Yfirlýsing umsjónaraðila .....	3
<b>2.</b>	<b>Áhættuþættir</b> .....	<b>4</b>
2.1.	Skuldaraáhætta .....	4
2.2.	Seljanleiki .....	4
2.3.	Lagalegt umhverfi .....	4
<b>3.</b>	<b>Hagsmunir</b> .....	<b>4</b>
<b>4.</b>	<b>Upplýsingar um verðbréfin</b> .....	<b>5</b>
4.1.	Heildarfjárhæð .....	5
4.2.	Lýsing verðbréfa .....	5
4.3.	Upplýsingar um löggjöf .....	5
4.4.	Tegund verðbréfa .....	6
4.5.	Gjaldmiðill .....	6
4.6.	Forgangsröðun verðbréfa .....	6
4.7.	Réttindi tengd verðbréfunum .....	6
4.8.	Vextir .....	6
4.9.	Gjald dagar og greiðslur .....	6
4.10.	Ávöxtun .....	7
4.11.	Fyrirsvar og skráning .....	7
4.12.	Grundvöllur útgáfu .....	7
4.13.	Útgáfudagur .....	7
4.14.	Takmarkanir á framsali verðbréfa .....	7
<b>5.</b>	<b>Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta</b> .....	<b>7</b>
5.1.	Markaður .....	7
<b>6.</b>	<b>Kostnaður vegna skráningar</b> .....	<b>8</b>

## 1. Ábyrgir aðilar

### 1.1. Ábyrgðaraðili

VBS Fjárfestingabanki hf., kennitala 621096-3039, Suðurlandsbraut 18,108 Reykjavík.

### 1.2. Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2007

f.h. stjórnar og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Suðurlandsbraut 18, 105 Reykjavík



Páll Magnússon,  
stjórnarformaður



Jón Þórisson,  
framkvæmdarstjóri

### 1.3. Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili útgefandalýsingar þessarar er VBS Fjárfestingarbanki, kennitala 621096-3039, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd umsjónaraðila, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem verðbréfalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2007

f.h. stjórnar og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Suðurlandsbraut 18, 105 Reykjavík



Páll Magnússon,  
stjórnarformaður



Jón Þórisson,  
framkvæmdarstjóri

## 2. Áhættupættir

Fjölmarginir áhættupættir geta haft áhrif á getu VBS fjárfestingarbanka hf. til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart eigendum skráðra verðbréfa. Hér að neðan er greint frá áhættupáttum sem skipta máli fyrir verðbréfin, sem þessi verðbréfalýsing nær til, svo meta megi markaðsáhættu sem tengist þeim. Fjárfestum er jafnframt bent á að kynna sér útgefandalýsingu sem fylgir verðbréfalýsingu þar sem raktir eru áhættupættir sem tengjast útgefandanum. Fjárfestar eru minntir á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar þarfnist þeir ítarlegri útlistunar á þessum áhættupáttum.

### 2.1. Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. VBS fjárfestingarbanki hf. ábyrgist endurgreiðslu víxlana á gjalddaga. Engar tryggingar eru lagðar til grundvallar endurgreiðslu víxlanna. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu víxlanna eru jafnrétt háar. Krafa á hendur VBS Fjárfestingarbanka hf. til endurgreiðslu víxlanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur VBS Fjárfestingarbanka hf.

### 2.2. Seljanleiki

Víxlarnir hafa ekki verið skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði áður og engin trygging er fyrir því að eftirmarkaður myndist þar sem viðskipti eru með víxlana. VBS fjárfestingarbanki hf. er ekki skyldugur til að tryggja að eftirmarkaður verði til staðar enda verður engin viðskiptavakt með víxlana. Markaðsverð og seljanleiki getur breyst eftir markaðsaðstæðum og getur markaðsverð þeirra lækkað frá því verði sem kaupandi greiddi fyrir víxlana. Víxlarnir henta ekki öllum fjárfestum og er fjárfestum bent á að meta vandlega hvort þeir búi yfir faglegri þekkingu til að standa í viðskiptum með þá og geti þannig metið hvort þeir falli að þeirra fjárhagslegu markmiðum, fjárhagslegum styrk og áhættustigi.

### 2.3. Lagalegt umhverfi

Víxlarnir eru gefnir út samkvæmt íslenskum lögum eins og þau eru á útgáfudegi verðbréfalýsingarinnar. Um víxla gilda VÍXILLÖG nr. 93/1933. Útgefandi getur ekki borið ábyrgð á breytingum sem gerðar eru á lögum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda eftir að bréfin hafa verið gefin út.

## 3. Hagsmunir

VBS Fjárfestingarbanki hf., sem er útgefandi, annast bæði útgáfu og sölu víxlanna. Markmið útgáfunnar er að afla bankanum fjár til útlána og efla áframhaldandi vöxt hans. Þannig hefur bankinn, sem útgefandi og umsjónaraðili, hagsmuni af útgáfu og sölu bréfanna.

## 4. Upplýsingar um verðbréfin

### 4.1. Heildarfjárhæð

Heildarfjárhæð: kr. 1.000.000.000.-

### 4.2. Lýsing verðbréfa

Útgefandi: VBS fjárfestingarbanki hf.  
Form verðbréfa: Víxill fjármálastofnunar, rafrænt skráður  
Auðkenni: VBS 08 0411  
ISIN-númer: IS0000015683

Dagaregla: Actual/360  
Nafnverðseining: kr. 5.000.000,-

### 4.3. Upplýsingar um löggjöf

Um víxlana gilda íslensk lög.

Ágreiningsmál vegna víxla þessa má fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og fer málsmeðferð eftir XVII. Kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Víxillög nr. 93/1933 gilda um fyrningu krafna vegna víxlanna. Samkvæmt 70 gr. laganna fynrast kröfur á hendur útgefanda og framseljanda á þremur árum frá gjalddaga víxils.

Skattaleg meðferð víxlanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 5. tl. 73. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 teljast bréf þessi til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. VBS Fjárfestingarbanki hf. ber skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, skv. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi víxlanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Samkvæmt 115. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 eru víxlarnir undanþegnir stimpilgjaldi.

Lýsing þessi er eingöngu birt á íslensku og er unnin samkvæmt VI. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

#### 4.4. Tegund verðbréfa

Víxlarnir eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands (Icelandic Securities Depository), Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Einungis er heimilt að framselja víxlana til nafngreinds aðila og skal kennitala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/197 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal víxlanna. Eignaskráning rafbréfa hjá verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Víxlarnir eru auðkenndir í kerfum Verðbréfaskráningar Íslands og Kauphallar Íslands með ISIN númeri tilgreindu í kafla 4.2.. Engar hömlur eru á framsali víxlana.

#### 4.5. Gjaldmiðill

Gjaldmiðill: Íslenskar krónur (ISK).

#### 4.6. Forgangsröðun verðbréfa

VBS Fjárfestingarbanki hf. ábyrgist endurgreiðslu víxlanna með tekjum sínum og eignum. Víxlarnir eru óverðtryggðir. Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á víxlum VBS fjárfestingarbanka hf.

#### 4.7. Réttindi tengd verðbréfunum

Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á peningamarkaðsvíxlum VBS fjárfestingarbanka hf. Víxlarnir eru án afsagnar. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi, sbr. 115 gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

#### 4.8. Vextir

Víxlarnir eru án vaxta.

#### 4.9. Gjald dagar og greiðslur

Gjald dag: 11. apríl 2008.

VBS fjárfestingarbanki hf. mun með milligöngu Verðbréfaskráningar Íslands, Laugavegi 182, 101 Reykjavík, greiða andvirði víxlanna á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur víxlanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikning eigenda. Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS reikning eiganda peningamarkaðsvíxils, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandinn snúa sér til VBS Fjárfestingarbanka hf. til að fá greiðslu.

Verði greiðslu ekki vitjað hjá VBS Fjárfestingarbanka hf. á réttum gjalddaga mun bankinn hvorki greiða vexti né dráttarvexti frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði hins vegar um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

#### **4.10. Ávöxtun**

Ávöxtunarkrafa og sölugengi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og sölugengi víxlanna á sölutímabilinu er hægt að nálgast hjá útgefanda. Upphafleg ávöxtunarkrafa er 15,800%.

#### **4.11. Fyrirsvar og skráning**

Verðbréfaskráning Íslands heldur utan um skráningu eiganda bréfanna og hvert greiðslur skuli berast.

#### **4.12. Grundvöllur útgáfu**

Á fundi stjórnar VBS fjárfestingarbanka þann 24. september 2007 var samþykkt samtals 6 milljarða hækkun á útgáfu eigin verðbréfa í skráðum flokkum, bæði verðtryggðum og óverðtryggðum. Verðbréf sem þessi verðbréfalýsing nær til eru gefin út samkvæmt framangreindri heimild. Ástæða útgáfunnar er fjármögnun á þeirri starfsemi sem lýst er í útgefandalýsingu.

#### **4.13. Útgáfudagur**

Útgáfudagur: 5. október 2007

#### **4.14. Takmarkanir á framsali verðbréfa**

Engar takmarkanir eru á endursölu víxlanna. Víxlarnir eru nafnbref. Óheimilt er að framselja víxil á handhafa.

### **5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta**

OMX Nordic Exchange Iceland hf. hefur samþykkt að skrá útgefna víxla enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

#### **5.1. Markaður**

Verðbréfin eru skráð í kauphöll OMX Nordic Exchange Iceland hf. og er verðbréfalýsingin birt fyrir hana.

Fyrsti skráningardagur: 27. desember 2007. Hér er um að ræða þá dagsetningu sem í fyrsta lagi er hægt að taka verðbréfin til skráningar í kauphöll.

## 6. Kostnaður vegna skráningar

VBS Fjárfestingarbanki annast útboðið. Útlagður kostnaður er fyrst og fremst vegna vinnu við gerð útboðslýsingar, kostnaður við innheimtu og gjöld til opinberra aðila. Áætlaður heildarkostnaður er 5.000.000 kr.